



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

FRÉTTAPÓSTUR
SUMARIÐ 2025
3. TBL.

Hjartað í HSU



Uppbyggilegt og viðburðaríkt sumar

Haustið nálgast og með því hefst nýr kafli í daglegu lífi okkar eftir sumarið. Fyrir okkur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) hefur sumarið verið bæði viðburðaríkt og uppbyggilegt. Fjölbreytt umbótaverkefni hafa verið framkvæmd og mikilvæg þróunarverkefni náð góðum árangri. Þetta er allt liður í okkar sameiginlega markmiði, sem er að veita aðgengilega, öfluga og örugga heilbrigðisþjónustu.

Í þessu tölublaði Hjartans er sjónum beint að tveimur slíkum verkefnum, annars vegar metnaðarfullri lífsstílsmóttöku heilsugæslunnar fyrir börn með offitu og hins vegar umfangsmiklum endurbótum á bráðamóttöku HSU á Selfossi.

PISTILL FORSTJÓRA



Díana Óskarsdóttir

Þeim börnum sem greindust með offitu og foreldrum þeirra var boðin þátttaka í sex mánaða viðtalsferli með hjúkrunarfræðingi og lækni. Alls hafa um fimmtíu börn og fjölskyldur þeirra tekið þátt, hvaðanæva úr umdæminu.

Mikil ánægja með verkefnið

Það er skemmst frá því að segja að mikil ánægja hefur verið með verkefnið hjá bæði börnunum og og foreldrum þeirra, auk þess sem okkar metnaðarfulla starfsfólk er ákaflega stolt af þessari vinnu. Árangurinn hefur verið ótvíræður og ávinningurinn af velgengni verkefna af þessu tagi fyrir bæði skjólstæðinga okkar og heilbrigðiskerfið í heild sinni er sömuleiðis augljós.

Vonir sérfræðinga HSU standa til þess að smíðuð verði handbók um þetta verkefni með stöðluðum verkferlum, þannig að hægt verði að setja upp sambærilega lífsstílsmóttöku hjá öðrum heilbrigðisstofnunum í landinu. Samtal þess efnis er hafið við heilbrigðisráðuneytið.

Farsæl lífsstílsmóttaka heilsugæslu HSU

Eitt af mikilvægu þróunarverkefnum ársins hefur verið svokölluð lífsstílsmóttaka HSU, undir yfirskriftinni Kraftmiklir krakkar, sem beinir sjónum að offitu meðal barna. Allt að 10% barna á landsbyggðinni og tæplega 8% barna á landinu öllu – eða um 4.500 börn á aldrinum 6-18 ára – glíma nú við offitu og vandinn hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þjónustuúrræðin til að fást við þennan vanda með skipulögðum hætti í okkar annars mögnuðu heilbrigðisþjónustu hafa fram til þessa verið takmörkuð og einskorðast við Heilsuskóla Barnaspítala Hringins í Reykjavík.

Við hjá HSU sáum því brýna þörf á að bjóða upp á úrræði í heimabyggð og höfum þróunarverkefni sem hefur alla burði til að verða fyrirmynd á landsvísu og þótt víðar væri leitað. Skimun fór fram meðal barna í 1., 4. og 7. bekk á Suðurlandi.

Umfangsmiklar endurbætur hjá bráðamóttöku HSU á Selfossi

Í febrúar hófust umfangsmiklar endurbætur á bráðamóttöku HSU á Selfossi með það að markmiði að bæta aðstöðu, auka öryggi og efla þjónustuna. Núverandi húsnæði hefur ekki lengur burði til að mæta þörfum starfsmannar en áform eru uppi um nýtt húsnæði á næstu árum. Í millitíðinni var ákveðið



að að ráðast í framkvæmdir á deildinni til að efla enn frekar þjónustu við skjólstæðinga HSU og gera vinnuaðstæður betri fyrir starfsfólkið.

Framkvæmdirnar fela í sér margvíslegar lagfæringar og uppfærslur, meðal annars á aðgengi, innréttingum, salernisaðstöðu og sturtum. Sömuleiðis stendur til að færa inngang sjúkrabíla þannig að hægt verði að fara beint inn á bráðamóttökuna en núverandi staðsetning við matsal HSU er afar óhentug.

Ný bráðalyflækningadeild

Í haust bætist við ný deild innan bráðamóttökunnar sem mun bera heitið bráðalyflækningadeild og verður eins konar framlenging af lyflækningadeild HSU. Á þessari nýju deild munu lyflæknar halda utan um þá skjólstæðinga HSU sem eiga það til að festast hjá okkur svo dögum skiptir meðan þeir bíða eftir viðeigandi úrræðum.

Þakkir fyrir þolinmæði og stuðning

Það er óhjákvæmilegt að framkvæmdir af þessu tagi valdi tímabundnu raski. Ég vil því þakka starfsfólki okkar fyrir ómetanlega elju og fagmennsku og skjólstæðingum HSU fyrir

skilning og þolinmæði á meðan á umbótunum stendur. Að lokum færi ég öllum þeim sem sýna HSU velvild og áhuga hjartans þakkir. Þátttaka og ábendingar úr samfélaginu skipta sköpun og styðja við stöðuga þróun þjónustunnar með þarfir fólksins í forgrunni. Við hjá HSU höldum áfram að þróa öflugan heilbrigðisþjónustu í samvinnu við ykkur og með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. ■

Umfangsmiklar endurbætur hjá bráðamóttöku HSU á Selfossi

Viðtal // Kolbrún Gunnarsdóttir deildarstjóri og Eva Björk Árnadóttir verkefnastjóri

Umfangsmiklar framkvæmdir og endurbætur á bráðamóttöku HSU á Selfossi hófust í febrúar og er áætlað að endanleg verklok verði öðru hvoru megin við áramótin. Að sögn Kolbrúnar Gunnarsdóttur deildarstjóra standa vonir til að bráðamóttakan fái nýtt húsnæði á næstu árum þar sem núverandi húsnæði deildarinnar sé of lítið og óhentugt fyrir starfsemina. Í millitíðinni hafi verið ákveðið að ráðast í framkvæmdir á deildinni til að efla enn frekar þjónustu við skjólstæðinga HSU og gera vinnuaðstæður betri fyrir starfsfólkið.

Nútímavæðing húsnæðis

Við spyrjum Kolbrúnu og verkefnastjórnann Evu Björk Árnadóttur nánar út í framkvæmdirnar. „Við erum í rauninni að færa húsnæðið yfir í nútímann og uppfæra innréttingar og fleira. Dyragöt verða stækkuð á þremur skoðunarstofum af sex, þar sem að núverandi dyraop eru svo þröng að það getur oft verið vesen að koma hjólastólum í gegn, hvað þá skoðunarbekkjum eða rúnum.“

Nýtt einangrunarherbergi

Ein nýjungin til að efla þjónustu og öryggi er að gert var sérhæft einangrunarherbergi með innangengu salerni ásamt sturtu. „Þetta er gríðarlega jákvætt fyrir deildina þar sem við þurfum áður að loka fjögurra manna stofu til að hafa sjúklinga í einangrun. Þetta bætir líka sýkingarvarnirnar á deildinni mikið. Einangrunarherbergið nýtist svo vel að það hefur varla komið sú nótt þar sem einhver hefur ekki þurft að gista þar síðan að hún var tekin í notkun.“

Kerfisloft fyrir lagnir

„Til að nefna fleiri aðgerðir, þá er meðal annars verið að setja kerfisloft fyrir lagnir hjá okkur og planið í kjölfarið er að setja súrefni og loft í öll legurýmín. Eins og staðan hefur verið höfum við bara aðgengi að súrefni á þremur stöðum á deildinni. Annars höfum við þurft að notast við súrefnisvélar eða kúta.“

„Deild innan deildar“

Kolbrún og Eva segja að í haust verði opnuð svokölluð deild innar deildar á bráðamóttökunni. „Sú deild mun bera heitið bráðalyflækningadeild og verður eins konar framlenging af hand- og lyflækningadeild HSU. Á þessari nýju deild munu lyflækna halda utan um þá skjólstæðinga HSU sem oft festast hjá okkur svo dögum skiptir meðan þeir bíða eftir viðeigandi úrræðum.“



Eva Björk Árnadóttir verkefnastjóri (vinstra megin) og Kolbrún Gunnarsdóttir deildarstjóri.

Sturtum fjölgað

Á bráðamóttöku HSU á Selfossi eru tvær deildir sem heita A-deild og C-deild. Engin er B deildin til, en C-deildar heitið hefur fests á herbergi þar sem að Covid-deildin var á sínum tíma. „Verið er að bæta aðstöðuna á C deildina þar sem verið er að stækka salernisaðstöðuna ásamt því að setja upp sturtu þar inni. Fyrir þessar framkvæmdir vorum við bara með eina sturtu á deildinni.“

Ný rými skapa aukið pláss

Innst á bráðamóttökunni var skjalageymsla HSU staðsett. „Hún hefur nú verið færð og það er verið að taka það rými í gegn; mála, skipta um loftljós og setja nýtt gólfefni. Við fáum svo að setja vörulagerinn okkar þangað inn. Þar sem að núverandi lagerinn okkar verður skrifstofa. Fyrir framan þessi tvö herbergi verður síðan svæði sem verður nýtt sem vinnurými fyrir nýju bráðalyflækningadeildina.“



Fleiri umbætur í farvatninu

Að sögn Kolbrúnar og Evu eru fleiri umbætur á bráðamóttökunni í farvatninu. Til að mynda er áætlað að stækka svokallað akút-herbergi bráðamóttökunnar í vetur. „Það er ansi þröngt þar þegar mikið er um að vera. Vaktin okkar færir við þær endurbætur yfir í annað rými og svæðið sem við höfum notað sem sára- og gífsstæði verður þá fært inn í aðra stofu. Þetta verður allt saman til mikilla bóta. Að endingu má nefna að til standi að færa inngang sjúkrabíla á deildina, en í dag þarf að flytja sjúklinga framhjá matsalnum, sem getur verið ansi óheppilegt.“

Framkvæmdaraðilum hrósað

Það eru Björgvin Reynir Snorrason, deildarstjóri fasteigna og rekstrar, og hans fólk, sem hefur séð um þessar framkvæmdir ásamt aðvífandi verktökum. „Björgvin Reynir hefur staðið sig gríðarlega vel og á mikið hrós skilið. Það er mikill eldmóður í honum og hann passar upp á að hafa okkur starfsfólkið á deildinni með í ráðum til að við fáum sem besta útkomu fyrir alla.“ ■



Vel heppnað þróunarverkefni sem fæst við offitu barna með markvissum hætti

Kraftmiklir krakkar, nú lífsstílsmóttaka á heilsugæslu HSU fyrir börn með offitu, er brautryðjandi þróunarverkefni á landsvísu

Undanfarin misseri hefur Heilbrigðisstofnun Suðurlands unnið að þróunar- og rannsóknarverkefni fyrir svokallaða lífsstílsmóttöku fyrir börn á heilsugæslustöðvum í umdæminu. Verkefnið hefur yfirskriftina „Kraftmiklir krakkar“ og hefur það markmið að fást við offitu meðal barna með markvissum hætti. Verkefnið hefur gengið afskaplega vel og mikil ánægja ríkir með verkefnið og árangur þess hjá bæði börnum og foreldrum.

Lífsstílsmótakan er brautryðjandi þróunarverkefni og ákveðin fyrirmynd á landsvísu. Vonir sérfræðinga HSU standa til þess að mögulegt verði að smíða handbók og staðlaða verkferla, þannig að hægt verði að bjóða upp á sambærilega lífsstílsmóttöku hjá öðrum heilbrigðisstofnunum og heilsugæslustöðvum í landinu. Um er að ræða umfangsmikinn vanda, en áætlað er að tæplega 8% íslenskra barna á aldrinum 6-18 ára glími við offitu og miðað við að sá hópur telur nú um 58 þúsund einstaklinga, þá er eru það um 4.500 börn.

50 börn taka þátt

Aðferðafræðin var þannig að börn í 1., 4. og 7. bekk á Suðurlandi voru skimuð hjá skólahjúkrunarfræðingum í grunnskólum í umdæminu samkvæmt verklagi um heilsuvernd skólabarna. Börnum með offitu og foreldrum þeirra var síðan boðin þátttaka í rannsókninni, sem fól í sér sex viðtöl, fjögur til fimm við hjúkrunarfræðing og eitt til tvö við lækni yfir sex mánaða tímabil. Um fimmtíu börn og foreldrar þeirra tóku þátt í verkefninu, hvaðanæva í umdæminu.

Offita barna fer vaxandi

Forsaga verkefnisins er að offita barna hefur aukist hröðum skrefum undanfarin ár, bæði á heimsvísu og á Íslandi. Í dag eru tæplega 8% grunnskólabarna á Íslandi með offitu. Hlutfallið er um 10% á landsbyggðinni og um 6% á höfuðborgarsvæðinu og fer hvarvetna hækkandi. Þrátt fyrir að til séu klínískar ráðleggingar um meðferð við offitu eru engin þverfagleg þjónustuúrræði í boði í heimabyggð úti á landsbyggðinni. Eina úrræðið sem í boði er á Íslandi er Heilsuskólinn á Barnaspítala Hringins í Reykjavík.

Öflugur hópur sérfræðinga

Stjórnandi verkefnisins er Vignir Sigurðsson, sérfræðingur í barnalækningum við HSU, en hann lauk doktorsnámi í

barnalæknisfræði frá Gautaborgarháskóla árið 2021 með bólgusjúkdóma í meltingarvegi barna sem viðfangsefni. Vignir hefur umtalsverða reynslu af meltingar- og næringarvandamálum barna. Honum til halds og trausts hefur verið öflugur hópur heilbrigðisstarfsfólks þar sem fremstar í flokki fara hjúkrunarfræðingarnir Bjarnheiður Böðvarsdóttir og Þorbjörg Anna Steinarsdóttir og sérnámslæknarnir Íris Óskarsdóttir og Eyrún Anna Stefánsdóttir.

Bjarnheiður var nánar tiltekið að klára meistaraverkefni núna í vor sem lýtur að fýsileika og raunhæfi þess að setja upp lífsstílsmóttöku af þessu tagi. Leiðbeinendur Bjarnheiðar hafa verið annars vegar Vignir og hins vegar Árun Kristín Sigurðardóttir, prófessor í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri. Í meistaraverkefni Þorbjargar Önnu er fyrst og fremst verið að skoða áhrifin af þessu sex mánaða ihlutunarverkefni á líffstíl barnanna. Árun er einnig leiðbeinandi Þorbjargar Önnu.

Fyrirnefndar Íris og Eyrún Anna eru sérnámslæknar í heimilislækningum og eru báðar að vinna að verkefni sem tengjast lífsstílsmóttökunni. Íris og Eyrún eru þar einkum að skoða læknisfræðilega hlutann, sem er að meta stig efnaskiptavillunnar hjá börnunum og hver sé líkamleg einkenni hennar. Hvort það sé ógreindur sjúkdómur að valda offitu, til dæmis skjaldkirtilsbrestur, ógreindur kæfisvefn eða meltingarvandi. Teknar eru staðlaðar blóðprufur hjá börnum í 4. og 7. bekk eftir verklagi fyrir tímum hjá þeim sem þiggja það. Einnig er tekin nákvæm heilsufarssaga barnsins og nánustu ættingja og gerð læknisskoðun. Þeir krakkar sem greinast með efnaskiptavillu eða byrjandi efnaskiptavillu fá annan læknatíma og þá nýja blóðprufu þar sem er kannað hvort lífstíls breytinginn hafi haft áhrif á efnaskiptavilluna og er þá metið hvort að barnið þurfi að vera í eftirliti áfram í eftirliti og þá hjá hverjum, hjúkrunarfræðingi, heimilislækni eða barnalækni.

Alvarleg staða

„Við erum með fjóra áhersluflokka þegar kemur að heildarmyndinni. Þar skoðum við svefn og skjánótun, næringu, hreyfingu og andlega líðan. Staðan er alvarleg og stærð þess hóps barna sem glímir við offitu er mikið áhyggjuefni. Ég er í mínu starfi meðal annars að fást við mjög unga skjólstaðinga sem eru í lyfjameðferð við forstigum



Hjúkrunarfræðingarnir Bjarnheiður Böðvarsdóttir og Þorbjörg Anna Steinarsdóttir.

sykursýki, alveg niður í tíu til ellefu ára börn með fitulifur og aðra alvarlega fylgisjúkdóma offitu,” segir Vignir.

Í niðurstöðum meistaraverkefnis Bjarnheiðar kemur fram að meðferðin reyndist fýsileg og framkvæmanleg auk þess sem mikil eftirspurn var eftir þessari þjónustu og allir nauðsynlegir innviðir til staðar. Fjarviðtöl reyndust vel. Foreldrar og börn voru ánægð með meðferðina og hún uppfyllti væntingar þeirra.

Mikil ónægja hjá bæði börnum og foreldrum

„Verkefnið hefur tekist vel, vakið mikla ánægju og staðið undir væntingum hjá bæði þátttakendum og foreldrum þeirra. Tilfinning mín er sú að árangurinn og ávinningurinn sé áþreifanlegur. Bæði krakkarnir og foreldrar þeirra eru afskaplega áhugasöm um þá hluti sem þau geta breytt til að bæta heilsuna. Það er vitaskuld varasamt að meta árangurinn einvörðungu af þyngdarmælingum og líkamsþyngdarstuðli yfir sex mánaða tímabil. Mestu máli skiptir nefnilega að það takist að breyta lífsstíl, venjum, svefni, næringarinntöku og líðan barnanna til frambúðar,” segir Vignir.

Hentug úrræði á heilsugæslu í heimabyggð

„Markmiðið er að mæta stöðunni með aðgengilegum, hentugum og skipulögðum úrræðum í heimabyggð á heilsugæslu. Um er að ræða sex mánaða íhlutunarmeðferð, kennslu í lífsstíl áskorunum og kortlagningu jafnt andlegs sem líkamlegs heilbrigðis. Á þessum sex mánuðum áttum

við okkur á alvarleika offitusjúkdómsins hjá skjólstæðingum og getum jafnframt sett það í samhengi við félagslegar aðstæður hvers og eins. Með þessum hætti öðlumst við skýra sýn á áframhaldið.

Í kjölfarið tekur ýmist við eftirfylgni hjá skólahjúkrunarfræðingi og reglubundin samtöl við bæði skjólstæðinga og foreldra eða áframhald meðferðarinnar á heilsugæslu, sem mætti segja að væri forvarnarstig og fyrsta stig þjónustu. Síðan kæmi tilvísun til barnalæknis eða í Heilsuskólann allt eftir atvikum og alvarleika vandans, sem væri þá annað og þriðja stig þjónustu. Í fullkomnum heimi væri hægt að veita flestum eftirfylgni á heilsugæslu með sérhæfingu í lífsstílsráðgjöf, í samstarfi við lækna, og aðila á borð við næringarfræðinga, félagsráðgjafa og sálfræðinga ef þörf krefur,” segir Vignir.

Lífsstílsmóttaka heilsugæslu til bjargar

„Í stigi tvö ertu komin með talsverð líkamleg einkenni offitu og oft þörf á lyfjameðferð og þar verða sérhæfð teymi með barnalækni að grípa inn í, en vandinn í augnablikinu er sá að þessi teymi eru fá á landinu. Þriðja stigið er síðan mjög alvarleg einkenni offitu og fylgisjúkdóma og þar er eina úrræðið Heilsuskóli Barnaspítalans á Landspítala með þverfaglegum teyimum. Heilsuskóli Barnaspítalans ætti í rauninni einvörðungu að sinna erfiðustu verkefnunum. En af því að þjónustu á fyrri stigum skortir víða, þá er flestum vísað beint á Heilsuskólinn og biðlistinn þar af leiðandi

gríðarlega langur. Við erum að reyna mæta þessu ástandi með Kraftmiklum krökkum og lífsstílsmóttöku barna hjá heilsugæslustöðvum HSU,” segir Vignir.

Fyrirmynd fyrir aðrar heilsugæslu

Að sögn Vignis standa vonir til þess að smíðuð verði handbók um þetta verkefni með stöðluðum verkferlum, þannig að hægt verði að setja upp sambærilega lífsstílsmóttöku hjá öðrum heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum í landinu. Samtal þess efnis er hafið við heilbrigðisráðuneytið. Vignir kveður verkefnið ekki mannaflafrekt í sjálfu sér heldur snúist það fyrst og fremst um betra skipulag og slípun verkferla. Flestar auðlindir í verkefninu eru til dæmis til staðar hjá HSU.

Klárar niðurstöður meistaraverkefnis

Í útdrætti meistaraverkefnis Bjarnheiðar segir meðal annars: „Unnið hefur verið að rannsóknarverkefni undanfarin ár hjá HSU með það markmið að kanna fýsileika þess að koma á fót lífsstílsmeðferð fyrir börn með offitu og foreldra þeirra á heilsugæslustöðvum HSU. Rannsóknin skoðaði eftirspurn, hlutfall þeirra sem ljúka helmingi meðferðartímans, mismun á staðbundnum- og fjarviðtölum með sömu breytum. Tilgangurinn var einnig að lýsa stöðu þessara barna með tilliti til lífsstílspátta eins og svefni, mataræði, hreyfingu og líðan, sem og bakgrunni foreldra. Auk þess var skoðuð upplifun og ánægja foreldra og barna af meðferðinni.”

Fýsileg og framkvæmanleg meðferð, mikil eftirspurn

Spurningalistar um lífsstíl og líðan barnsins og bakgrunn foreldra voru sendir til foreldra í upphafi rannsóknarinnar. Eftir þriðja viðtalið svöruðu foreldrar spurningalista um upplifun þeirra af meðferðinni. Viðtölin fóru fram á öllum heilsugæslustöðvum innan HSU, en nokkrum stöðvum bauðst að fá viðtöl með fjarfundarbúnaði gegnum Heilsuveru.

Í stuttu máli sagt kemur fram í niðurstöðum Bjarnheiðar að meðferðin reyndist fýsileg og framkvæmanleg auk þess sem mikil eftirspurn var eftir þessari þjónustu og allir nauðsynlegir innviðir til staðar. Fjarviðtöl reyndust vel. Foreldrar og börn voru ánægð með meðferðina og hún uppfyllti væntingar þeirra.

Framundan

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur ákveðið að halda áfram með Kraftmiklir krakkar lífsstílsmóttökuna eftir skoðun skólahjúkrunarfræðinga í heilsuvernd skólabarna og til eftirfylgdar þeirra sem það þurfa. Rannsóknarhópurinn heldur til Uppsala í Svíþjóð núna í vetur á ráðstefnu um offitu hjá börnum í Evrópu. Þar ætla Íris og Eyrún að kynna



Vignir Sigurðsson, yfirlæknir barnalækninga hjá HSU.

sínar fyrstu niðurstöður á algengi fylgisjúkdóma offitu hjá börnum. Þorbjörg stefnir svo á að verja meistararitgerð sína um árangur meðferðarinnar á lífsílsþætti í byrjun næsta árs. Að því loknu hefst vinna við útgáfu handbókar og verkferla til að auðvelda heilsugæslum á landinu að setja upp Kraftmiklir krakkar lífsstílsmóttöku á sinni stöð. ■



// MANNAUÐSRAMMI //

Guðrún Benediktsdóttir er sjúkraliði á bráðamóttöku HSU á Selfossi þar sem hún hefur starfað um þriggja ára skeið.

Hvernig var menntavegurinn?

„Eftir góða pásu eftir stúdentinn fór ég í Garðyrkuskólann og hélt upp á 10 ára útskriftarafmæli þaðan þegar ég útskrifaðist sem sjúkraliði.“

Hvers vegna valdirðu þennan starfsferil?

„Það var eiginlega alveg óvart. Það var svo rólegt í garðyrkjunni yfir veturinn að ég fann mér alltaf vinnu hér og þar. Eitt haustið fór ég að vinna við aðhlyningu og líkaði vel. Ákvað þá í framhaldinu að fara í sjúkraliðanám.“

Hvaðan ertu og hvar býrðu núna?

„Ég er Húnavetningur í húð og ár og hef búið alla mína ævi fyrir norðan fyrir utan námsárin í Reykjavík og eitt ár í Þýskalandi. Flutti síðan hingað á Selfoss fyrir þremur árum og líkar mjög vel að búa hér á Suðurlandi.“

Fjölskylduhagir?

„Ég er gift Ágústi Bragasyni. Við eigum þrjú börn og fjögur barnabörn.“

Hvernig er lífið eftir vinnu?

„Við hjónin keyptum okkur hús hérna á Selfossi fyrir einu ári og erum ennþá að koma okkur fyrir þar. Erum til dæmis að standsetja garðinn og fengum okkur gróðurhús. Það er dásamlegt að gleyma sér þar við vinnu. Einnig hef ég gaman að taka ljósmyndir. Útivist og ferðalögu eru sömuleiðis ofarlega á lista. Svo er það auðvitað samveran með fjölskyldunni og þá sérstaklega barnabörnunum sem veitir manni mikla gleði. Hjá okkur býr síðan kötturinn Askur sem er á tíunda ári; gulbrúnt og pattaralegt sjarmatröll.“ ■



// MANNAUÐSRAMMI //

Eva Björk Árnadóttir er verkefnastjóri á bráðamóttöku HSU og hefur meðal annars komið að umfangsmiklum endurbótum og framkvæmdum á deildinni undanfarna mánuði. Hún hefur starfað hjá HSU síðan í desember 2024.

Menntavegurinn?

„Ég lærði sjúkraliðann fyrir mörgum árum, en svo fór ég í kerfisfræði og stefni núna á viðskiptafræði í fjarnámi.“

Hvers vegna verkefnastjóri?

„Það er vissulega talsverð breyting frá því að starfa sem kerfisfræðingur. En í mínu fyrra starfi var ég aftur á móti að vinna mikið með ferla og að bæta þá, sem er reynsla sem nýtist mjög vel í þessu starfi.“

Hvaðan ertu og hvar býrðu núna?

„Ættin mín er frá Eyrarbakka og þar bý ég núna rétt hjá fjölskyldu minni. Ég hef hins vegar búið erlendis í 30 ár, nánar tiltekið í Danmörku og Finnlandi. Ég og yngsti sonur minn fluttum heim fyrir ári síðan.“

Hvernig eru fjölskylduhagir?

„Ég er einstæð móðir þriggja barna á aldrinum frá 10 til 30 ára, sem ég á með fyrrverandi eiginmanni mínum. Núna búa tvö af börnunum mínum á Íslandi og ég er að reyna að heilla miðjuna að koma til Íslands og prófa líka að búa aðeins hér á landi.“

En lífið eftir vinnu?

„Ég hef verið mjög virk í leikfélaginu á Eyrarbakka þetta árið sem ég hef búið á Íslandi. Þar sem ég er með eitt ungt barn í heimili verjum við tvö miklum tíma saman. Við ákváðum að fá okkur kött, og þessi köttur er eins árs og bjó áður í íbúð í Breiðholtinu. Kötturinn upplifði mikið frjálssræði við að flytja á Eyrarbakka og er núna orðinn meiri útiköttur en inniköttur. Annars á ég stóran hóp af ættingjum og vinum og nýt þess að hafa tök á að geta loksins hitt þau öll. Ég nýt þess einnig að fara í sundlaugar og bara vera til hér á einstaka Íslandi.“ ■

Stór hópur starfsfólks frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands sótti EMS-ráðstefnuna í Stokkhólmi



Hópurinn sem hélt utan.

Í byrjun júní tók 18 manna hópur sem starfar við utanspítalabjónustu á Suðurlandi þátt í European EMS Congress 2025 á Waterfront ráðstefnuhúsinu í hjarta Stokkhólms.

Hópurinn samanstóð af 16 manns frá Selfossi og 2 frá Höfn, sem saman mynduðu líflegan og samheldinn hóp sem á það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á faginu.

Ráðstefnan, sem bar yfirskriftina „It Takes a System to Save a Life“, lagði ríka áherslu á öryggi sjúklinga, gæðamælingu, nýjungar í utanspítalabjónustu, áfallameðferð, tækninýjungar

og almannavörslu. Þessir þrír ráðstefnudagar buðu upp á fjölbreytt úrval fyrirlestra, verkstofa og sýninga.

Dagskráin fól meðal annars í sér:

EMS Championships – Alþjóðleg keppni í utanspítalabjónustu þar sem teymi frá 16 löndum kepptu í krefjandi, raunsæjum aðstæðum. Keppnin var bæði spennandi og lærdómsrík.

Vinnustofur og verklegar æfingar – Meðal annars um höfuðáverka, heilablóðfall, geðheilbrigði, fæðingar og margt fleira.



Tækjasýningar – Kynnt nýjasta búnaðinn fyrir utanspítalabjónustu.

Fyrirlestrar og EMS-Talks – Stuttar og áhrifaríkar kynningar frá sérfræðingum alls staðar að úr heiminum. Þeir fjölluðu m.a. um menntun, öryggismenningu, árangursmælingar og tilfinningaleg áhrif starfsins.

Hópurinn frá Íslandi - reynsla, lærdómur og samheldni

Hópurinn frá Selfossi og Höfn kom heim fullur af innblæstri og nýrri þekkingu eftir þrjá viðburðaríka daga á EMS-ráðstefnunni. Ráðstefnan gaf einstakt tækifæri til að sjá hvernig aðrar þjóðir skipuleggja sína þjónustu, hvernig þau nýta tækninýjungar og hvernig þau nálgast menntun og verklag í utanspítalabjónustu.

Við lærðum mikið – bæði hvað við getum gert betur og hvað við erum þegar að gera mjög vel. Það var sérstaklega gagnlegt að sjá hvernig litlu hlutirnir, sem oft gleymast í daglegum hamangang, skipta miklu máli þegar kemur að gæðum og öryggi í neyðarþjónustu. Samhliða því fengum við staðfestingu á því að margt af því sem við gerum hér heima stenst fyllilega alþjóðlegan samanburð – og í sumum tilfellum erum við jafnvel skrefi á undan.

Samveran á milli þátttakenda styrkti einnig tengsl og samvinnu, bæði innan hópsins og við erlenda kollega. Það

var virkilega hvetjandi að upplifa þennan gríðarlega áhuga á faginu meðal fólks, ræða hugmyndir, skiptast á reynslu og fá hvatningu til að halda áfram að þróa þjónustuna heima fyrir.

Konur í bráðabjónustu: Mikilvæg umræða á EMS-ráðstefnunni 2025

Ein af eftirtektarverðustu vinnustofunum á EMS-ráðstefnunni í Stokkhólmi í júní 2025 bar heitið "Women in EMS and the Impact to Patient Care", þar sem sjónum var beint að stöðu kvenna í utanspítalabjónustu og áhrifum fjölbreytileika á þjónustugæði.

Á vinnustofunni komu saman konur og karlar úr ólíkum löndum og störfum innan bráðageirans til að ræða hvernig megi styrkja hlut kvenna í þessum mikilvæga geira. Lögð var áhersla á að auka sýnileika og áhrif kvenna, ekki aðeins innan vinnustaða heldur einnig í stefnumótun og leiðtogahlutverkum. Fjallað var um þær áskoranir sem margar konur mæta í störfum sínum, þar á meðal skert aðgengi að framgangi, skort á fyrirmyndum og jafnvel kynbundið misrétti innan ákveðinna kerfa.

En vinnustofan snerist ekki aðeins um vandamál – heldur einnig um lausnir. Þátttakendur unnu saman í hópum að hugmyndum um hvernig megi skapa öruggara og jafnara starfsumhverfi. Rætt var um mikilvægi mentorakerfa, leiðtogaþjálfunar, stuðningshópa og valdeflandi fræðslu. Einnig var vakin athygli á hagnýtum aðgerðum eins og



sérhæfðri þjálfun í samskiptum og de-escalation-tækni, sem getur bæði styrkt einstaklinga og bætt öryggi sjúklinga.

Sérstök áhersla var lögð á tengslin milli fjölbreytileika innan teymis og bættrar þjónustu við sjúklinga. Rannsóknir sem kynntar voru sýna að teymi sem samanstanda af fólki með ólíkan bakgrunn – þar á meðal kyn, aldur og reynslu – skila betri niðurstöðum í meðferð, samskiptum og ákvarðanatöku. Fjölbreytni er ekki aðeins spurning um réttlæti heldur einnig um gæði.

Þátttakendur lýstu vinnustofunni sem einlægri, hvetjandi og nauðsynlegri.

Ávinningur fyrir framtíðina

Ráðstefnan hafði mikið gildi fyrir framtíðarþróun sjúkraflutninga og bráðabjónustu á Íslandi. Með því að kynnast fjölbreyttum vinnubrögðum, nýjustu tækni og ólíkum aðferðum frá öðrum Evrópulöndum fengum við dýrmætan samanburð við okkar eigin verklag.

Við sáum skýrt hvar tækifæri eru til úrbóta – til dæmis í samskiptum, skráningu gagna og notkun tækninnar í daglegu

starfi. Um leið fengum við staðfestingu á því að margt er gert af mikilli fagmennsku hér heima og að við erum í mörgum tilvikum að vinna á sama eða jafnvel hærra stigi en önnur lönd.

Þessi lærdómur mun nýtast bæði í faglegri þróun og menntun – og ekki síður í því að styrkja samstöðu og samstarf innan greinarinnar. Við komum heim með nýjar hugmyndir, aukna hvatningu og enn meiri trú á mikilvægi starfs okkar. ■

Höfundur greinar: Anna Lilja Ásbjarnardóttir, sjúkraflutningamaður hjá HSU.

Samstíga að góðri heilsu - Íbúafundur á Höfn

Íbúafundur á Höfn í Hornafirði var haldinn hinn 10. júní síðastliðinn í samstarfi við sveitarfélagið á Hornafirði með yfirskriftinni *Samstíga að góðri heilsu*. Markmið fundarins var að byggja upp sameiginlega framtíðarsýn með heilsu og vellíðan að leiðarljósi.

Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU, stýrði fundinum með kynningu á helstu áskorunum og tækifærum stofnunarinnar. Fjallað var meðal annars um starfsemistölur á Höfn, þjónustukönnun ríkisins sem HSU hefur tekið þátt í frá áramótum, verkefnið „Hjartað í HSU“, bráðaviðbragð í Öræfum og nýsköpunarverkefni eins og heimaspítala HSU og fjarvöktun með heilbrigðistækni.

Á fundinum urðu líflegar og uppbyggilegar umræður um heilsulæsi og heilsuefningu, auk þess sem fjallað var um þróun heilsugæslu, skipulag þjónustu og tækifæri til aukinnar nýsköpunar á sviði forvarna.

Stofnunin þakkar þeim sem sáu sér fært að mæta kærlega fyrir þátttökuna. ■



Heimsókn í Rangárþing


Á dögnum var haldið í heimsókn til heilsugæslu HSU í Rangárþingi. Erindið var að mynda mannauðinn á staðnum. Tilefnið var að auglýst var eftir yfirlækni heilsugæslunnar í Rangárþingi, sem er bæði áhugavert og krefjandi leiðtogastarf í skemmtilegum hópi.

Á heilsugæslu HSU í Rangárþingi vinnur samhentur hópur af mjög hæfu og lausnamiðuðu starfsfólki að því markmiði

að þjónusta skjólstæðinga stöðvarinnar. Rangárþing er einstaklega falleg sveit með góðar samgöngur.

Heilsugæslan í Rangárþingi er með tvær starfsstöðvar á Hellu og Hvolsvelli. Mánudaga og þriðjudaga er opið á Hellu, en lokað á Hvolsvelli. Miðvikudaga og fimmtudaga er opið á Hvolsvelli, en lokað á Hellu. Á föstudögum er opið til skiptis á Hellu og Hvolsvelli. ■





// MANNAUÐSRAMMI //

Súsanna Sif Jónsdóttir hefur verið hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku HSU á Selfossi síðan í byrjun árs.

Hvernig var menntavegurinn þinn?

„Hann var kannski fremur óhefðbundinn því að ég var lengi að ákveða hvað ég vildi læra og flakkaði svolítið á milli menntaskóla og námsbrauta. Að lokum fann ég mig í Fjölbautaskólanum í Breiðholti þar sem ég lauk sjúkraliða- og stúdentsprófi. Mér líkaði sjúkraliðastarfið mjög vel, en ég vildi læra meira um lyfjagjafir, sáraskipti og önnur verk hjúkrunarfræðinga. Þá tók við hjúkrunarfræðinám við Háskólann á Akureyri sem ég lauk síðastliðið vor.“

En hvers vegna valdirðu þennan starfsferil?

„Mér finnst gaman að vinna með fólki og fá tækifæri til þess að aðstoða það á erfiðum tímum. Ég veit hvernig það er að vera hinum megin við borðið og þá skiptir svo miklu máli að hafa málsvara sem er með þér í liði. Svo hef ég brennandi áhuga á vísindalegu hliðinni líka, mannslíkamanum og þeim sjúkdómum sem á hann herja.“

Hvaðan ertu og hvar býrðu núna?

„Ég er Vestmannaeyingur í hjarta mínu og bjó þar fyrstu árin. En ég bjó í Reykjavík fram til 2022 þegar ég flutti á Selfoss.“

Fjölskylduhagir?

„Ég og eiginmaður minn, Arnar Gunnarsson, eigum saman eina 3 ára dóttur, hana Aþenu Malen.“

Hvernig er lífið eftir vinnu?

„Mér finnst útivist og fjallgöngur skemmtilegar þegar vel viðrar. Svo elska ég borðspil og held reglulega spilakvöld með vinum. Veit fátt betra en að slaka á með góðan krimma og les mikið og hlusta á hljóðbækur. Að auki er ég líka gallharður Liverpool-aðdáandi og fylgist vel með enska boltanum!“

Súsanna er hægra megin á myndinni, en til vinstri er hjúkrunarfræðingurinn Freyja Margrét Vilhjálmisdóttir, sem starfar líka á bráðamóttökunni og útskrifaðist frá HA í vor. ■



// MANNAUÐSRAMMI //

Einar Ágúst Hjörleifsson er sjúkraflutningamaður hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi og hefur starfað við sjúkraflutninga í 8 ár. Einar er einnig slökkviliðsmaður.

Menntavegurinn?

„Ég hef lokið advanced-framhaldsnámi sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður.“

Af hverju sjúkraflutningamaður?

„Ég er sveitamaður að upplagi og því vanur vélavinnu. Starfaði síðan sem skóflustrákur og vörubílstjóri hjá jarðvinnufyrirtæki. Byrjaði fljótlega í björgunarsveit eftir það. Áhuginn á verkefnum þar leiddi mig í þessa vegferð.“

Best við starfið?

„Hvað það er fjölbreytt. Þú veist aldrei hvað þú ert að fara gera frá einum degi til annars! Og auðvitað er samstarfsfólkið hérna alveg agalega skemmtilegt.“

Draumastarf annað en þetta?

„Einhvers konar vélavinna... og nánar tiltekið að vinna úti í náttúrunni.“

Fjölskylduhagir?

„Eiginkona mín er Sesselja Sólveig Birgisdóttir hjúkrunarfræðingur, sem er líka sjúkraflutningamaður! Við eigum tvær dætur, sem eru Vera Hrund 5 ára og Margrét Laufey 1 árs.“

Lífið eftir vinnu?

„Nokkuð hefðbundið fjölskyldulíf barasta. Eigum líka einn hund, hana Ídu. Áhugamálin eru annars vegar hreyfing og æfingar í Gym 800 á Selfossi og hins vegar tekur björgunarsveitin alltaf svolitinn tíma.“ ■

Rausnarlegar gjafir til sjúkradeildar í Vestmanneyjum

Fyrir helgi var formleg afhending blöðruskannans sem Kvennfélagið Heimaey gaf Sjúkradeild HSU í Eyjum nú í maí.

Blöðurskanninn heitir Bladderscan i10 frá Verathon. Helstu kostir hans eru að hann aðlagast öllum líkamsgerðum (meðal annars börnum) og er sá nákvæmasti í dag. Hann er höggþolinn og hægt að tengja niðurstöður beint í sjúkraskrá einstaklingsins. Verðmæti gjafarinnar er 2.650.064 kr. með vsk.

Starfsfólk á Sjúkradeildinni vill koma á framfæri kæru þakklæti til Kvennfélagsins Heimaey fyrir þessa höfðinglegu gjöf sem mun nýtast og endast vel og lengi.

Sjúkradeildin í Vestmannaeyjum tók einnig á móti gjöf fyrir helgi til minningar Gunnars K. Gunnarssonar, fyrrverandi forstjóra heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum (áður en hún sameinaðist Heilbrigðisstofnun Suðurlands)

Gjöfin er rafmagnsborð og sterkbyggðir stólar með hjólum að andvirði 551.536 kr. Þetta mun nýtast afar vel í daglegu starfi deildarinnar og bæta aðstöðu og vellíðan skjólstæðinga til framtíðar.

Starfsfólk og skjólstæðingar sjúkradeildarinnar í Vestmannaeyjum færa Sigrúnu Ingu Sigurgeirsdóttur, eftirlifandi eiginkonu Gunnars og fjölskyldu hennar innilegar þakkir fyrir höfðinglega gjöf. ■



Heilbrigðisráðherra tryggir íbúa og ferðamanna í Öræfum með áframhaldandi bráðaviðbragði

Alma D. Möller heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að ráðast í frekari uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu og bráðaviðbragði í Öræfum með það að markmiði að tryggja öryggi íbúa og vegfarenda allt árið um kring. Starfshópur verður skipaður til að móta framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar, og hefur hann það hlutverk að skila tillögum til ráðherra fyrir lok október.

Jafnframt hefur ráðherra ákveðið að framlengja núverandi fyrirkomulag bráðaviðbragðs í Öræfum til loka árs 2025. Sú ákvörðun byggir meðal annars á sameiginlegu mati forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og sveitarstjórnar Hornafjarðar, sem eru sammála um mikilvægi þess að tryggja viðbragðsgetu á svæðinu.

Þó að ferðamannafjöldi nái hámarki yfir sumarmánuðina hefur reynslan sýnt að mesta álag vegna alvarlegra útkalla er yfir vetrarmánuðina, sérstaklega frá desember til mars.

„Ég tel brýnt að ráðast í þetta verkefni og tryggja þannig aukið öryggi bæði íbúa og ferðafólks á þessu strjálbýla en fjölfarna svæði,“ segir Alma D. Möller. Þá hyggst ráðherra einnig ræða við innviðaráðuneytið um aðgerðir til að bæta umferðaröryggi á svæðinu og kanna möguleika á uppbyggingu viðurkennds sjúkraflugvallar.

Síðastliðin tvö sumur hefur verið rekið sérstakt bráðaviðbragð í Öræfasveit, sem byggir á viðveru sjúkrabíls og reynds sjúkraflutningamanns í samvinnu við björgunarsveitina Kára í Öræfum. Að beiðni ráðherra skipulagði HSU slíkt viðbragð einnig fyrir sumarið 2025. Markmiðið er að tryggja skjót viðbrögð við slysum, bráðaveikindum og öðrum neyðartilfellum, veita fyrstu hjálp og undirbúa flutning á sjúkrastofnun ef með þarf.

Svæðið milli Kirkjubæjarklausturs og Hafnar spannar um 200 kílómetra og því getur heilbrigðisþjónusta verið torfengin ef engin staðbundin viðvera er fyrir hendi. Það er samdóma mat heilbrigðisráðuneytisins og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að nauðsynlegt sé að styrkja samþætt og staðbundið bráða- og heilsugæsluviðbragð á svæðinu allt árið um kring.



Alma D. Möller, heilbrigðisráðherra.

Starfshópurinn mun leggja fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi þjónustunnar með áherslu á öryggi íbúa og vegfarenda, skýra verkaskiptingu og skilvirkni í viðbrögðum.

Góð mönnun heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi í sumar

Mönnun heilbrigðisþjónustu í dreifðum byggðum á Suðurlandi hefur gengið mjög vel í sumar. Á Höfn verður tveggja lækna viðvera tryggð allt sumarið. Í Rangárþingi verða jafnan tveir til þrír læknar við störf alla virka daga og á heilsugæslunni í Laugarási verða tveir læknar starfandi yfir allt sumarið. Þá er staðan einnig góð í Vestmannaeyjum, þar sem þrír til fjórir læknar verða á vakt yfir hásumarið.

„Að efla heilbrigðisþjónustu þar sem þörfin er mest, sérstaklega á álagstímum sumarsins, hefur verið eitt af okkar helstu markmiðum. Samvinna við björgunarsveitir og aðra viðbragðsaðila skiptir þar lykil máli til að tryggja skjót og örugg viðbrögð þegar á reynir. Við erum mjög ánægð með hversu vel hefur tekist að manna lykilsvæði og þannig stuðlað að auknu öryggi bæði heimamanna og gesta,“ segir Dána Óskarsdóttir, forstjóri HSU. ■

Veglegar gjafir til bráðamóttöku

Nýverið tók bráðamóttaka HSU á Selfossi á móti veglegum gjöfum frá velunnurum stofnunarinnar. Það var Kolbrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri bráðamóttöku HSU á Selfossi, sem tók við gjöfunum. Mörg félagasamtök í umdæmi HSU leggja gríðarlega mikið á sig við að afla fjármagns til þessara gjafa, sem allar eru kærkomin viðbót við tækjabúnað stofnunarinnar og styrkja bæði aðbúnað og öryggi sjúklinga og starfsfólks. Það er ómetanlegt að finna þann hlýhug sem svona gjöfum fylgir. HSU þakkar innilega fyrir gjafirnar og óskar öllum þessum félagasamtökum velfarnaðar í sínu óeigingjarna starfi.

Oddfellow-konur í Halldórustúku færðu bráðamóttökunni raunarlega gjöf fyrir deildina. Gáfu þær fjóra hnakkstóla á hjólum að andvirði 500.000 krónur sem koma til með að nýtast vel í starfsemi bráðamóttökunnar. Stólarnir eru léttir og liprir sem bætir starfsumhverfi starfsfólksins til muna.

Lionsklúbburinn Dynkur færði bráðamóttöku HSU gjafir að verðmæti 555.000 krónur. Gáfu þeir hjálpartækið Sara Stedy að andvirði 276.000 krónur sem mun hjálpa mikið til við umönnun sjúklinga á deildinni, en ekkert hjálpartæki var til staðar á deildinni líkt og þetta. Tækið gagnast helst fyrir einstaklinga sem geta staðið en eiga erfitt með gang. Lionsklúbburinn Dynkur gaf einnig nýjan blóðtökuvagn að andvirði 279.000 krónur. Nýi blóðtökuvagninn er frábær viðbót á deildina og mun bæta vinnuaðstöðu hjúkrunarfræðinga í nálauppsetningum og blóðtökum til muna. ■



Sambætt heimaþjónusta fyrir eldra fólk í Árborg

Undirritað hefur verið samkomulag á milli HSU og Árborgar um sambætta heimaþjónustu sem er gert á grundvelli þróunarverkefnisins Gott að Eldast sem er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda. Samkomulagið var staðfest í Árborg. Viðstödd voru Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra, Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, og Dína Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, auk fjölda gesta.

Liður í sambættingu heimaþjónustunnar í Árborg er að koma upp sérstöku móttöku- og matsteymi þar sem fulltrúar HSU og fulltrúar félagslegrar stuðningsþjónustu Árborgar fara yfir sameiginlegar umsóknir vikulega. Einnig er unnið að því að koma upp einni þjónustugátt fyrir allar beiðnir. Með þessu samstarfi er tryggt að þjónustan sé veitt á réttum tíma, af réttum aðilum og með heildstæða sýn á þarfir hvers og eins. Þetta er mikilvægt skref í átt að samfelldri og einstaklingsmiðaðri þjónustu þar sem heilbrigðis- og félagsþjónusta vinna saman í þágu notandans. ■



Atlastúka Oddfellow styrkir bráðamóttökuna á Selfossi

Atlastúka Oddfellow styrkti nýlega bráðamóttökuna á Selfossi um 100.000 krónur. Fyrir upphæðina voru keyptir 3 nýir stafrænir eyrnahtamælar sem nýtast einnig við talningu á hjartsláttartíðni og öndunartíðni hjá sjúklingum þar sem þeir hafa innbyggða skeiðklukku.

Einnig var keyptur ísskápur fyrir sjúklinga sem geta þurft að liggja lengi á bráðamóttökunni áður en það skapast rými fyrir þá í öðru úrræði. Hann nýtist mjög vel.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands þakkar innilega fyrir styrkinn. Þess má geta að í lok hvers árs er haldið sameiginlegt kaffi á stofnuninni þar sem styrktaraðilum er boðið og þakkað fyrir. ■



Nýtt tölvusneiðmyndataeki - Kærkomin uppfærsla sem skiptir sköpum í þjónustu við sjúklinga

Alma D. Möller heilbrigðisráðherra hefur tryggt Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) fjárveitingu upp á rúmlega 140 milljónir króna til kaupa á nýju tölvusneiðmyndataeki. Díana Óskarsdóttir, forstjóri HSU, segir að nýja tækið muni hafa veruleg áhrif á þjónustu við sjúklinga, sérstaklega í tengslum við greiningu og meðferð bráðatilfella.

Með þessari fjárveitingu getur HSU tekið þátt í útboði sem stendur nú yfir, og vonir standa til að hægt verði að ganga frá kaupum og setja tækið upp á næstu mánuðum. Tækið

kemur í stað eldri búnaðar og er um að ræða verulega tæknilega uppfærslu. Þróun tölvusneiðmyndataekni hefur verið hröð undanfarin ár og nýjustu tækin draga m.a. úr geislaálagi á sjúklinga auk þess sem þau gera kleift að framkvæma rannsóknir hraðar og með aukinni nákvæmni. „Þetta er mjög kærkomin endurnýjun á lykiltækjabúnaði sem skiptir sköpum fyrir öryggi sjúklinga, greiningu og meðferð,“ segir Díana. ■



Starfsfólk röntgendeildar HSU á Selfossi við núverandi sneiðmyndartæki stofnunarinnar. Frá vinstri til hægri eru Guðrún Óskarsdóttir Andreassen, Karlo Publico Mendoza (Brigs) og Þórkatla Hermannsdóttir.

Hjartað í HSU



Hjartað í HSU er fréttapóstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og gefinn út af HSU.

Ábm: Dána Óskarsdóttir
Netfang: forstjori@hsu.is

Fylgstu með HSU á vef og samfélagsmiðlum:

-  [HSU á vefnum](#)
-  [HSU á Facebook](#)
-  [HSU á Instagram](#)
-  [HSU á LinkedIn](#)



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS